

Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS

Greinargerð og tillögur starfshóps



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfshópurinn:

Eygló Rúnarsdóttir
Eyrún Magnúsdóttir
Guðrún Kaldal
Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Jónína Ólöf Emilsdóttir
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Nanna Kristín Christiansen
Valborg Hlín Guðlaugsdóttir

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Ágúst 2016**

Efnisyfirlit

1. Tillögur starfshópsins	3
2. Starfshópurinn	5
3. Fundir og kynningar	5
4. Um lýðræði í skóla- og frístundastarfi	6
4.1 Skilgreining á lýðræði og hvatning til lýðræðisstarfs	6
4.2 Lýðræðisstarf á vettvangi skóla- og frístundasviðs	7
5. Mat á árangri	10
6. Lokaorð	11
Heimildir	13
Viðaukar	15
Viðauki 1 – Erindisbréf.....	15
Viðauki 2 - Fundargerðir.....	16
Viðauki 3 – Námsfni um lýðræði á vef Menntamálastofnunar	23

1. Tillögur starfshópsins

Að setja fram stefnu um aukið lýðræði barna og ungmenna í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs ásamt aðgerðaráætlun er yfirgripsmikið verkefni. Starfshópurinn tók sér það bessaleyfi að meta sem svo að þarna sé ekki einungis átt við lýðræði á meðal og milli barna og ungmenna heldur einnig lýðræðislega aðkomu þeirra og raunveruleg áhrif á skóla- og frístundastarf. Hópurinn leggur til að lögð verði áhersla á eftirfarandi þætti:

- *Skilgreina hugtakið lýðræðislegt skóla- og frístundastarf og setja skýr viðmið sem skóla- og frístundasvið vill ná varðandi vinnu í anda lýðræðis og hvernig mati á árangri skuli vera háttað.*

Aðgerðir:

- Taka saman og greina hvar starfsstaðir skóla- og frístundasviðs eru staddir í dag í lýðræðislegum starfsháttum og vinnu með lýðræði.
 - Meta upplifun og skilning nemenda á eigin áhrifum í skóla- og frístundastarfi.
 - Leggja sérstaka áherslu á og draga fram aðferðir og vinnulag með tilliti til virkrar þátttöku og lýðræðis í mati á leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi á vegum sviðsins.
 - Skóla- og frístundasvið setji sér markmið til tveggja ára í senn varðandi áherslur í lýðræðisvinnu innan sviðsins.
- *Gefa starfsfólki rými til að skilgreina lýðræðishugtakið og meta eigin vinnubrögð og starfsumhverfi hvað varðar lýðræðisvinnu.*

Aðgerðir:

- Rými skapað í skóla- og frístundastarfi, til dæmis á starfsmannafundum, til að ræða og skilgreina lýðræðishugtakið í tengslum við starfsemi á viðkomandi starfsstað og ákveða áherslur í lýðræðisvinnu. Mikilvægt er að ræða og koma sér saman um hvers vegna slík vinna skiptir máli á starfsstaðnum.
 - Útbúa gátlista sem gefur starfsfólki vísbendingar um hvers konar vinnubrögð styðja við lýðræðislega vinnu – hægt að meta t.d. tvisvar á ári til að mæla framþróun – og hafa til hliðsjónar þá gátlista sem notaðir eru í ytra mati sviðsins.
 - Búa til svæði á innri vef þar sem safnað er upplýsingum um efni fyrir kennara og frístundaráðgjafa sem nýtist áhugasömum í vinnu í anda lýðræðis.
- *Hlúa að þeim vettvangi sem þegar er til staðar á skóla- og frístundasviði til að vinna í og með lýðræði.*

Aðgerðir:

- Útbúið verði ritað efni sem nýtist þeim sem eru að vinna með aukið lýðræði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi með sérstakri áherslu á skólaráð, nemendafélög og nemenda- og unglingaráð og því fylgt eftir með kynningum og/eða námskeiðum.
- Uppfæra handbók fyrir starfsfólk og ungmenni sem starfa í ungmennaráðum og Reykjavíkurráði ungmenna sem styður við lýðræðisleg vinnubrögð og virkt samráð við ungmenni um mál sem varða þau.

- *Gefa áhugasömu starfsfólki tækifæri til að þróa sig í starfi og gera enn betur í lýðræðisvinnu á vettvangi.*

Aðgerðir:

- Árleg grunnnámskeið á vegum SFS um lýðræði og lýðræðisvinnu fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og frístundastarfi.

- Ákveðið fjármagn verði skilgreint í þróunarverkefni til að styrkja verkefni og vinnu með lýðræði.
 - Samið við Menntavísindasvið HÍ um regluleg símenntunarnámskeið sem styrkja lýðræðisvinnu í skóla- og frístundastarfi.
 - Samstarf við rannsakendur í háskólasamfélaginu vegna rannsókna á verkefnum sem tengjast lýðræðislegum vinnubrögðum á vettvangi.
 - Óska eftir og styrkja áhugasama starfsstaði skóla- og frístundasviðs fjárhagslega sem hafa áhuga á að leggja áherslu á lýðræðislega vinnu í starfsemi sinni. Kynningar og miðlun til annarra yrði hluti af vinnunni.
- *Hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs.*
Aðgerðir:
 - Gera áætlun um hvernig standa á að innleiðingu sáttmálans í starfi sviðsins.
 - Vera með reglulegar kynningar á Barnasáttmálanum fyrir börn, unglunga og starfsfólk á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.
 - Fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna (e. The Rights Respecting Schools) og gera áætlun um fyrirkomulag þeirrar vinnu.
 - *Halda árleg ungmennahring fyrir unglunga í borginni svo virkni barna og unglunga í allri umræðu og ákvarðanatöku hjá skóla- og frístundasviði verði aukin.*
Aðgerðir:
 - Halda undirbúningsfund með áhugasömum ungmennum til að skilgreina með hvaða hætti væri best að halda regluleg ungmennahring og leggja fram tillögu um verklag og framkvæmd. Hugmyndin með slíkum þingum er að unglungum og öðrum áhugasömum gefist kostur á að koma saman, ræða og álykta um málefni sem varða unglunga.
 - Farið verði í hugmyndavinnu með börnum/unglingum, stjórn mála- og embættismönnum varðandi ákjósanlegar leiðir til auka áhrif barna og unglunga á starfsemi skóla- og frístundasviðs.
 - Gerð verði tilraun í einni frístundamiðstöð borgarinnar með ráðningu á umboðsmanni ungmenna sem hefur það hlutverk að virkja og styrkja unglunga til þátttöku í lýðræðisvinnu í viðkomandi hverfi. Lögð verður áhersla á getu barna og unglunga til aðgerða og valdeflingu þeirra.
 - Opna rafrænan umræðuvettvang fyrir börn og unglunga þar sem hægt er að koma málefnum á framfæri við stjórnendur borgarinnar. Útfærsla unnin í samráði við Betri Reykjavík.
 - Aðgerðaráætlanir og stefnumótun á sviðinu gangi út frá því að hlustað sé eftir og unnið markvisst með raddir barna og unglunga.

2. Starfshópurinn

Samkvæmt erindisbréfi var starfshópnum ætlað að finna leiðir til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni sem hópnum var ætlað að vinna voru að:

- Skoða þær leiðir sem nú þegar er verið að fara hjá Reykjavíkurborg til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
- Skoða hvað er að gerast hjá öðrum þjóðum hvað þetta varðar auk þess sem vel er gert innanlands.
- Sérstaklega verði skoðaðar hugmyndir um umboðsmann ungmenna og ungmennanæing.
- Setja fram stefnu um aukið lýðræði í öllu starfi á vegum SFS.
- Leggja fram aðgerðaráætlun með stefnunni.

Starfshópurinn skipaðu:

Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnt á námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði og fulltrúi menntavísindasviðs HÍ

Eyrún Magnúsdóttir, framhaldsskólanemi og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól og fulltrúi frístundamiðstöðva

Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri á fagskrifstofu frístundamála á skóla- og frístundasviði og jafnframt formaður hópsins

Jónína Ólöf Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla og fulltrúi grunnskóla

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra jafnréttismála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og jafnframt starfsmaður hópsins

Nanna Kristín Christiansen, verkefnisstjóri á fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði

Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, leikskólastjóri á Engjaborg og fulltrúi leikskóla

3. Fundir og kynningar

Starfshópurinn fundaði átta sinnum á tímabilinu 15. mars til 30. júní 2016. Á fundunum fóru fram umræður og kynningar sem tengdust viðfangsefni hópsins.

Kynningar sem hópurinn fékk:

- Andrea Marel Þorsteinsdóttir kynnti lýðræðisvinnu í félagsmiðstöðvastarfi frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól.
- Eygló Rúnarsdóttir kynnti vinnu starfshóps um innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Gunnur Árnadóttir kynnti lýðræðisvinnu á leikskólanum Garðaborg.
- Hjördís Eva Þórðardóttir kynnti verkefni Unicef um Réttindaskóla.
- Hulda Valdís Valdimarsdóttir kynnti tilraunaverkefni um stórfund unglinga sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur og ungmennanæing í Lundi í Svíþjóð.
- Jón Thoroddsen kynnti lýðræðisvinnu í Laugalækjarskóla.
- Nanna Kristín Christiansen kynnti vinnu starfshóps um nemendamiðað skólastarf og Pestalozzi-verkefni.

- Ragnar Þór Pétursson kynnti lýðræðisvinnu í Norðlingaskóla.
- Steinunn Grétarsdóttir kynnti lýðræðisvinnu í frístundaheimilum frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjóls.

Á fyrstu fundum starfshópsins fór fram hugmyndavinna um verkefni hópsins og áherslur og verkáætlun unnin í framhaldi af því. Mikið er til af áhugaverðu efni til að skoða í tengslum við lýðræðisvinnu og ákveðið var að safna því saman á einn stað þar sem þátttakendur í starfshópnum höfðu aðgang að því en það var vistað inn á sameign Reykjavíkurborgar.

4. Um lýðræði í skóla- og frístundastarfi

4.1 Skilgreining á lýðræði og hvatning til lýðræðisstarfs

Lýðræði þýðir ekki alltaf það sama í hugum fólks og margar skilgreiningar eru til á hugtakinu. Innan hópsins var mikið rætt um lýðræðishugtakið og skilgreiningar á því og tengingu þess við mannréttindi og jafnrétti en þessi hugtök eru öll nátengd. Í samræðum og vinnu hópsins voru eftirfarandi skilgreiningar og ramar lagðir til grundvallar:

„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær“.....Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“. (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 7).

Í Lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 19, 2013) kemur m.a. fram að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem varða þau og hafa á þau áhrif (12. grein), um tjáningarfrelsi barna (13. grein) og um aðgang barna að upplýsingum (17. grein).

Í Lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008) kemur fram að það sé hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Starfshættir skuli m.a. mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, umhyggju og virðingu. Í skólum skulu vera starfandi skólaráð, nemendafélög, foreldrafélög og leggja skal áherslu á skólabrag, samvinnu og nemendamiðað skólastarf.

Í Lögum um leikskóla (nr. 90, 2008) kemur fram að hafa ber velferð og hag barna að leiðarljósi í öllu starfi. Starfshættir skuli m.a. mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, umhyggju og virðingu. Eitt af meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla skal vera „að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun“.

Í Æskulýðslögum (nr. 70, 2007) er tekið fram að í skipulögðu æskulýðsstarfi skuli „hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund.“ Einnig að velferð barna og ungmenna skuli „höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku“. Í Æskulýðslögum kemur einnig fram að sveitastjórnir skuli „hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk

ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.“

Í Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018 er lögð áhersla á að börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir sem tengjast æskulýðsstarfi og að þátttaka í slíku starfi eigi að auka félagsfærni og þjálfun til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Starfið eigi að byggja á forsendum barnanna og að þau hafi bein áhrif á málefni sem þau varðar og þurfi að fá að axla raunverulega ábyrgð. Sem dæmi um leiðir til að ná þessu markmiði er að auka lýðræðislega aðkomu barna og ungmenna að stefnumótun, leggja áherslu á aukin lýðræðisleg vinnubrögð í æskulýðsstarfi og auka áhrif ungmennaráða í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. maí 2006 (og endurskoðun samþykkt í borgarstjórn 7. maí 2013) er ekki fjallað sérstaklega um lýðræði en þar kemur þó fram að miðað sé að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda „án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.“ Jafnræði borgaranna og mannréttindi eigi að hafa að leiðarljósi í öllu starfi á vegum borgarinnar.

Á vef Menntamálastofnunar er að finna útgefið námsefni á íslensku um lýðræði, mannréttindi og borgaravitund. Lista yfir þetta efni og tengla á það er að finna í Viðauka 3.

4.2 Lýðræðisstarf á vettvangi skóla- og frístundasviðs

Lýðræði er skilgreint sem einn af sex grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leik- og grunnskóla frá 2011. Í umfjöllun um lýðræði og mannréttindi í skólastarfi í ritröð um grunnþætti menntunar kemur fram að lýðræði sé mikilvægt á vettvangi skóla og að skólar þurfi að undirbúa börn undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Því þurfi þau að læra um slík samfélög og að í öllum starfsháttum þurfi að bera virðingu fyrir manngildum hvers og eins (Ólafur Páll Jónsson o.fl., 2012).

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva (2015) er lýðræði einn af fimm áherslupáttum og litið á það sem grunnþátt í starfinu. Það er m.a. talið mikilvægt að börn og unglingar fái þjálfun í að viðra skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í þeirra spor í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmýnd, efla gagnrýna hugsun og auka víðsýni. Virkni og þátttaka er einnig talin vera lykilmæli í frístundastarfi auk umhyggju, félagsfærni og eflingu sjálfsmýndar.

Í stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs (SFS) fyrir árið 2016-2017 er lýðræði einn af fimm umbótaþáttum sem leggja ber áherslu á. Þar kemur fram að um sé að ræða undirstöðuþætti í öllu námi og að í ljósi þess að Ísland hafi lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem þessir þættir eru lagðir til grundvallar sé mikilvægt að sinna þeim með markvissum hætti í öllu starfi á vegum sviðsins (Reykjavíkurborg, 2016).

Það er ljóst að lýðræði og lýðræðisstarf á að vera mikilvægur þáttur í öllu skóla- og frístundastarfi á vegum skóla- og frístundasviðs. Á starfsstöðum SFS hefur lýðræði birst í ýmsum myndum og hugað hefur verið að lýðræðishugtakinu og lýðræðisstarfi á fjölbreyttan hátt.

Starfshópur um nemendamiðað skólastarf í grunnskólum borgarinnar skilaði [skýrslu](#) í júní 2015 en sá starfshópur hafði m.a. það verkefni að „setja fram tillögur sem miða að því að auka nemendamiðað skólastarf, þar sem áhersla er á styrkleika nemenda, áhuga þeirra, sköpun og frumkvæði“. Hópurinn setti fram tillögur þar sem m.a. var lagt til að skólar fái nauðsynlegan stuðning og fræðslu vegna skólaráða og að hlusta eigi á raddir nemenda svo að hægt sé að taka tillit til viðhorfa þeirra og reynslu og að þetta mætti t.d. gera með þjóðfundarfyrirkomulagi. Einnig var lagt til að stutt yrði með ýmsum hætti við bakið á áhugasömum skólum og kennurum sem vilja taka þátt í að þróa og vinna með nemendamiðað skólastarf og að í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands verði boðið upp á námskeið um borgaravitund. Lagt var til að þema árlegrar Öskudagsráðstefnu yrði nemendamiðað skólastarf og varð sú tillaga að veruleika vorið 2016.

Í skýrslu starfshóps sem stofnaður var af borgarstjóra í tilefni lögfestingar sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna) kemur fram að markmið starfshópsins hafi verið að tryggja að öll starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu sammingsins. Í skýrslunni er m.a. lagt til að tekin verði sú pólitíska ákvörðun að hefja innleiðingu sáttmálans hjá Reykjavíkurborg og að ráðinn verði verkefnisstjóri og stofnuð verkefnisstjórn til að stýra innleiðingunni. Mikilvægustu þættir slíkrar innleiðingar eru taldir vera kerfisbundin gagnasöfnun, skýr aðgerðaráætlun og markviss fræðsla um barnasáttmálann fyrir allt starfsfólk, kjörna fulltrúa og borgarbúa með sérstaka áherslu á börn. Ekki hefur ennþá verið ráðinn verkefnisstjóri og innleiðing sáttmálans virðist fara hægt af stað hjá Reykjavíkurborg. Þó er ánægjulegt að segja frá því að nú í haust er að hefjast tilraunaverkefni í Reykjavík í samstarfi við UNICEF um innleiðingu á Réttindaskólanum (e. The Rights Respecting Schools) í grunnskólum og frístundastarfi í Laugardalshverfinu. Áhugavert verður að fylgjast með þróun og útkomu þessa tilraunaverkefnis.

Ýmislegt hefur verið gert á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs varðandi lýðræðisstarf og voru þær kynningar sem starfshópurinn fékk alls ekki tæmandi fyrir allt það starf sem unnið er á vettvangi og tengist lýðræðisvinnu en gáfu samt góða innsýn inn í slíkt starf. Kynning á lýðræðisstarfi í Norðlingaskóla, leikskólanum Garðaborg, Laugalækjarskóla og frístundamiðstöðinni Frostaskjólí leiddu margt áhugavert í ljós sem kom að góðu gagni í vinnu starfshópsins. Hér verður sagt stuttlega frá þessum fyrrnefndu kynningum, starfi ungmennaráða, Reykjavíkurráðs ungmenna og tilraunum sem gerðar voru með ungmennahöfing.

Í Norðlingaskóla er markvisst unnið með lýðræði og hefur það gengið sérstaklega vel í eldri bekkjum skólans. Lýðræði fléttast inn í önnur markmið skólans, reynt er að vinna markvisst að því að þjálfar nemendur í að taka ákvarðanir og standa með þeim. Nemendum leyfist að gera mistök og læra af þeim, stundum er nemendum jafnvel „ýtt“ út í það að gera mistök, eða yfirvofandi mistökum er ekki afstýrt til þess að nemendur læri meira. Í skólanum er námsnefnd sex nemenda skipuð á hverju ári, hún hlustar eftir hugmyndum nemenda og allt kapp er lagt á að verða við tillögum nefndarinnar. Lögð er mikil áhersla á að ekki sé um sýndarlýðræði að ræða heldur raunveruleg og lýðræðisleg aðkoma nemenda að starfinu. Þetta er aðallega unnið í unglíngadeildinni en vilji er til að byrja fyrr á þessari vinnu í skólanum. Einnig eru árleg skólahöfing, þá eru skipaðar nefndir en allir nemendur sitja í einhverri nefnd. Hver nefnd ræðir um ákveðið málefni t.d. varðandi húsnæði, útisvæði, námsgreinar o.fl. og svo koma allir saman á þing þar sem lagðar eru fyrir hugmyndir nefndanna og kosið um þær. Starfsfólk reynir að uppfylla allar raunhæfar hugmyndir nemendanna. Það er mikið lagt upp

úr valdeflingu nemenda í daglegu starfi, þegar árekstrar verða er lögð áhersla á opinskáar og hreinskiptar umræður þar sem allir viðkomandi leita lausna í sameiningu.

Á leikskólanum Garðaborg hefur einnig verið unnið markvisst með barnalýðræði. Hugmyndin að lýðræðisvinnunni fæddist í tengslum við Barnasáttmálann og vinnu með hann. Farið var af stað með þróunarverkefnið Lýðræðisleg stjórnun og foreldrar, starfsfólk og börnin á leikskólanum komu að verkefninu. Leitað var leiða til að auka virkni foreldra og barnanna í leikskólaskólastarfinu og var það sérstaklega mikil áskorun að finna leiðir til að virkja foreldrana. Áhersla var lögð á að hlusta eftir hugmyndum barnanna og reyna að framkvæma þær og notaðar fjölbreyttar leiðir til að kenna börnunum að kjósa og velja sjálf eins mikið og hægt er. M.a. var ákveðið að skipulag útskriftarferðar elstu barnanna yrði alfarið í höndum barnanna, einnig hönnun og sköpun jólagjafa fyrir foreldra og gerð öskudagsbúninga. Verkefnið var ögrandi fyrir starfsfólkið en um leið skemmtilegt og lærdómsríkt. Foreldrar fundu fyrir aukinni meðvitund um leikskólaskólastarfið og lýðræðisvinnan með börnunum skilaði sér inn á heimilin.

Í Laugalækjaskóla fá nemendur þjálfun í samræðulist hjá Jóni Thoroddsen grunnskólakennara sem kom og sagði starfshópnum frá því hvernig hann vinnur að því verkefni. Jón hefur m.a. gefið út bókina „Samræðulist og spurningatækni – leiðsögn um heimpekilega lífsleikni“ en þar fjallar hann einmitt um hvernig hægt er að halda uppi samræðum með opnum spurningum og spurningalotum. Þessa tækni nýtir hann í kennslunni og þjálfar unglíngana í uppbyggilegum samskiptum, virkri þátttöku í umræðum og því að tjá viðhorf sín og skoðanir á skýran og skilmerkilegan hátt.

Í frístundamiðstöðinni Frostaskjól er unnið með lýðræði á fjölbreyttan hátt með börnum og unglíngum á aldrinum 6- 16 ára í starfi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og ungmennaráðs en Frostaskjól hefur undanfarin ár lagt sérstaka áherslu á lýðræði í öllu sínu starfi. Strax á fyrsta ári í frístundaheimili er byrjað á því að kynna börnum réttindi sín og skyldur auk þess sem lögð er áhersla á virðingu, samkennd og ábyrgð. Unnið er út frá einföldum hugmyndum, s.s. vali á dagskrárliðum í starfinu, og svo farið yfir í flóknari vinnu sem tengist m.a. vinnu með Barnasáttmálann. Markmiðið er að hvetja börnin til að vera þátttakendur í eigin lífi en ekki bara farþegar og efla þau til að standa með sjálfu sér og þora að velja fyrir sig. Barnaráð eru ekki forsenda fyrir lýðræðisvinnu í starfi frístundaheimila en er þó eitt af lýðræðisverkefnum. Í félagsmiðstöðvastarfinu er mikið lagt upp úr því að vinna með samskipti, gagnrýna hugsun og uppbyggilegar samræður. Börn og unglíngar eru hvattir til að segja skoðanir sínar og tjá sig um hugsanir sínar og langanir. Þau/þeir eru jafnframt hvattir/hvött til að hafa frumkvæði að verkefnum sem þau hafa áhuga á og axla á þeim ábyrgð með því að framkvæma þau með stuðningi starfsfólks. Vinna með unglíngaráð og ungmennaráð eru fastir liðir í lýðræðisvinnu félagsmiðstöðvarinnar.

Hefð hefur myndast fyrir starfi ungmennaráða og Reykjavíkurráðs ungmenna í borginni. Fyrst var stofnað ungmennaráð í Grafarvogi 1998 en Reykjavíkurráð ungmenna var fyrst starfandi 2001. Slík ráð voru ekki nefnd í lögum fyrr en í Æskulýðslögum 2007. Vonast var til þess að með stofnun ráðanna myndi borgin huga meira að málefnum ungs fólks og er árlegur fundur Reykjavíkurráðs með borgarstjórn liður í þeirri vinnu. Starf ungmennaráða og Reykjavíkurráðs hefur þróast hægt en örugglega og ýmis sóknarfæri liggja í auknum stuðningi við starf ráðanna.

Gerð var tilraun með að halda svokallaðan stórfund unglínginga sl. haust í tengslum við vinnu stefnu um frístundaþjónustu Reykjavíkurborgar. Í Ráðhús Reykjavíkur mættu tæplega 200

unglingar og ræddu frístundamál, sjá nánar í [skýrslu](#) sem tekin var saman eftir stórfundinn. Einnig hélt ungmennaráð Vesturbæjar ungmennafélag í ráðhúsinu í maí sl. þar sem kynjajafnrétti var til umfjöllunar en því miður liggur ekki fyrir samantekt á þeirri vinnu. Í Lundi í Svíþjóð hefur skapast löng hefð fyrir ungmennafélagum og 50 slík félag verið haldin þar sl. tíu ár. Þar er m.a. notuð handbókin „[Allt börjar með oss – handbog för ungas delaktighet](#)“. Markmiðið með ungmennafélagunum er að virkja ungt fólk til þátttöku í málefnum sem það varðar og handbókin styður við og upplýsir ungmenni um hvað felst í virkri þátttöku, hvaða leiðir er hægt að fara til að hafa áhrif og sett fram dæmi úr reynsluheimi ungmennanna sjálfra. Fyrirhugað er að hópur starfsfólks úr frístundamiðstöðvum SFS fari til Lunda í nóvember 2016 til að kynna sér nánar fyrirkomulag og framkvæmd ungmennafélaganna.

5. Mat á árangri

Í þeim viðmiðum sem notuð eru í mati á leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru margir þættir sem snerta mat á lýðræðislegum vinnubrögðum á vettvangi og því ekki hægt að segja annað en að lýðræði hafi verið til skoðunar í starfinu auk margra annarra mikilvægra þátta.

Við mat á starfi grunnskóla er m.a. metin þátttaka og ábyrgð nemenda og lýðræðisleg vinnubrögð í skólustarfinu. Gert er ráð fyrir að í grunnskólum eigi að ríkja það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt og allir sem að því koma ræði reglulega um áherslur og komi sér saman um meginviðmið (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, maí 2014).

Við mat á leikskólastarfi er m.a. litið til þess hvort stuðlað sé að jafnrétti og virkri þátttöku barna og hvort þeim séu sköpuð tækifæri til að þróa færni sína í lýðræðislegum vinnubrögðum. Leita á eftir skoðunum barnanna, þær ræddar og tillit tekið til þeirra (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, september 2014).

Við mat á starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva er m.a. metið hvort lýðræðislega sé unnið að ákvarðanatöku í starfinu og hvort áhersla sé lögð á að virkja börn og unglinga eftir skilgreindum leiðum til þátttöku í mótun starfsins og áhrifa. Einnig er litið til þess hvort börn og unglingar þekki leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fái aðstoð við að framkvæma hugmyndir sínar og ígrunda eigin reynslu (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, september 2015).

Árið 2014 lagði tölfraði og rannsóknþjónusta skóla- og frístundasviðs (TOR) könnun fyrir 13-15 ára unglinga í félagsmiðstöðvum í Reykjavík þar sem m.a. var spurt hvort unglिंगarnir upplifðu að hlustað væri á hugmyndir þeirra í félagsmiðstöðvastarfinu. Þar kom í ljós að 94% þeirra 764 sem svöruðu könnunni töldu svo vera en 6% upplifðu að ekki væri hlustað á þeirra hugmyndir. Það væri t.d. áhugavert að gera samanburðarkönnun og sjá hvort þessi upplifun hefur eitthvað breyst og spyrja einnig svipað í tengslum við starfsemi grunn- og leikskóla og aðra starfsemi á vegum SFS.

TOR hefur verið að skoða þýðingu og notkun á spurningalista sem er hluti af alþjóðlegri rannsókn sem skoðar sérstaklega skilning 14 ára unglinga á mannréttindum og samfélagslegum gildum. Þessi rannsókn, ef af henni verður, gæti gefið vísbendingar sem myndu nýtast við þróun lýðræðisstarfs á sviðinu.

Vorið 2016 lagði TOR könnun fyrir starfsfólk í frístundastarfi þar sem m.a. var spurt um þá fræðslu sem starfsfólk taldi sig vanta til að auka eigin hæfni í starfi. Það kom í ljós að 33% þeirra sem svöruðu töldu sig vanta hæfni til að vinna með lýðræði í starfinu og 35% töldu sig einnig vanta stuðning til að vinna markvisst að því að virkja börn og unglinga til þátttöku í starfinu. Starfsfólkið nefndi m.a. hugmyndir um að bjóða upp á almenna og hagnýta fræðslu um barna- og unglingalýðræði, hvernig ákjósanlegt væri að haga lýðræðisvinnu með unglinga- og nemendaráð og hvernig hægt væri að nýta hópastarf í þeim tilgangi að ýta undir lýðræði í starfinu. Þar sem lýðræði og virk þátttaka eru lykilþættir í frístundastarfi er mikilvægt að átta sig á því að um þriðjungur starfsfólks á vettvangi telur sig þurfa að auka hæfni sína til að vinna betur að þessum þáttum. Það væri áhugavert að fá upplýsingar um hvort staðan er sambærileg hvað þetta varðar á öðrum starfsstöðum sviðsins. Það ber þó að hafa í huga að flestir sem starfa í hlutastastörfum í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum, sem er langstærstur hluti starfsfólksins þar, hafa ekki menntun á sviði tólmstunda- og félagsmálafræði og koma því ekki til starfa með sérþekkingu á því sviði og einnig er starfsmannavelta ansi mikil.

Af þessu má sjá að í mati á skóla- og frístundastarfi hefur verið horft til þátta sem snúa að lýðræði sem gefur að sjálfsögðu vísbendingar um stöðu mála á hverjum starfsstað og með því að rýni í tiltekna þætti í matinu þvert á starfsstaði væri hægt að fá vísbendingar um hvernig staðan er á sviðinu varðandi ákveðna þætti. Einnig gefa ýmsar aðrar kannanir sem lagðar hafa verið fyrir áhugaverðar upplýsingar og vísbendingar um stöðu mála. Þó vantar ýmislegt upp á að heildarmyndin sé skýr og tækifæri liggja m.a. í því að skoða nánar skilning barna og starfsfólks á lýðræðishugtakinu og hvort börn og ungmenni sem að starfinu koma upplifi að áhersla sé lögð á að vinna í anda lýðræðis og að lýðræðið sé samofið og sjálfsagður hlutur í öllu skóla- og frístundastarfi á vegum SFS.

Það er mikilvægt að sett séu viðmið og árangur metinn reglulega þegar farið er af stað með það markmið að auka lýðræði barna og ungmenna í starfsemi skóla- og frístundasviðs. Öðruvísi er ekki hægt að meta hvort tilsettum árangri er náð, hvar sóknarfærin liggja og hvar mál eru í góðum farvegi.

6. Lokaorð

Lýðræði er flókið hugtak og starfsfólk SFS er, eins og aðrir, með ólíkan skilning á því hvað felst í því hugtaki. Gríðarlega mikilvægt að hver starfsstaður ræði sig niður á sameiginlega skilgreiningu og sýn á lýðræðishugtakið og finni í sameiningu út hvaða leiðir er ákjósanlegt að fara á viðkomandi starfsstað til að auka lýðræðislega aðkomu barna og ungmenna að starfinu. Það er alls ekki þannig að allir þurfi að vinna að auknu lýðræði barna og ungmenna á sama hátt heldur er það mikilvægara að fólk gangi í takt á hverjum starfsstað og stefni í sömu átt.

Allt í starfsumhverfi starfsstaða skóla- og frístundasviðs segir okkur að áhersla skuli lögð á lýðræðislega starfshætti. Það er þó ekki nóg að lög, rammar og reglugerðir hvetji til þess að unnið sé að auknu lýðræði með og meðal barna og ungmenna heldur þarf áhugi starfsfólks, þekking og hæfni einnig að vera til staðar. Skapa þarf rými fyrir umræður um þann skilning sem starfsfólk leggur í lýðræðishugtakið og styðja við þá sem hafa áhuga á að gera tilraunir og vilja þróa lýðræðislega starfsþætti.

Starfshópurinn leggur til ákveðna stefnu og markmið og kemur með hugmyndir um aðgerðir í þeim tilgangi, sumar einfaldar í framkvæmd en aðrar flóknari og tímafreakari. Mikilvægt er að

nýta einnig tillögur og vinnu starfshópa um nemendamiðað skólastarf og innleiðingu Barnasáttmálans. Starfshópurinn sem vann þessa vinnu var sammála um að finna þarf leiðir til að lýðræðið seyti úr veggjum starfsstaða SFS sem eflaust er hægara sagt en gert. En til þess að svo megi verða nægir ekki vinna eins starfshóps og stefnu sem hann setur fram heldur þarf einnig fjármagn, stuðning og hvatningu til áhugasamra á vettvangi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ásgeir Björgvinsson. (2016). *Fræðsla til að auka hæfni í frístundastarfi – spurningakönnun til starfsfólks í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík vorið 2016.* Tölfræði og rannsóknarþjónusta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar - óbirt rannsóknarskýrsla.

Hildur B. Svavarsdóttir. (2014). *Viðhorf unglinga til starfsemi félagsmiðstöðva.* Reykjavík: Tölfræði og rannsóknarþjónusta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Kultur&Fritid o.fl. (2010). *Allt börjar með oss: Handbok för ungas delaktighet.* Lund: Höfundur.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014-a). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014-b). *Viðmið og vísbendingar um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-a). *Nemendamiðað skólastarf: Skýrsla Starfshóps.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-b). *Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-c). *Stórfundur unglinga í Ráðhúsi Reykjavíkur – frístundastarf.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015-d). *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs.* Reykjavík: Höfundur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016.* Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Æskulýðsráð. (2014). *Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018.* Reykjavík: Höfundur.

Reykjavíkurborg. (2015). *Skýrsla starfshóps í tilefni lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Reykjavík: Höfundur.

Viðaukar

Viðauki 1 – Erindisbréf



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Erindisbréf starfshóps

Heiti starfshóps: Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS
Hlutverk: Finna leiðir til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
Helstu verkefni: <ul style="list-style-type: none">• Skoða þær leiðir sem nú þegar er verið að fara hjá Reykjavíkurborg til að auka lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.• Skoða hvað er að gerast hjá öðrum þjóðum hvað þetta varðar auk þess sem vel er gert innanlands.• Sérstaklega verði skoðaðar hugmyndir um umboðsmann ungmenna og ungmennahing.• Setja fram stefnu um aukið lýðræði í öllu starfi á vegum SFS.• Leggja fram aðgerðaráætlun með stefnunni.
Fulltrúar í starfshópi: Fulltrúi leikskóla: Valborg Hlín Guðlaugsdóttir Fulltrúi grunnskóla: Jónína Ólöf Emilsdóttir Fulltrúi frístundamiðstöðva: Guðrún Kaldal Fulltrúi menntavísindasviðs HÍ: Eygló Rúnarsdóttir Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna: Eyrún Magnúsdóttir Sérfræðingar á skóla- og frístundasviði: Hulda Valdís Valdimarsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Nanna Kristín Christiansen
Formaður starfshóps: Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Starfsmaður: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Ráðgjöf / samstarf: Frístundamiðstöðvar, starfsmenn og stjórnendur auk starfsmanna á skrifstofu SFS. Starfsmenn grunnskóla og leikskóla.
Starfstímabil: Mars – júní 2016.
Lokaskil: Tillögum og skýrslu skilað í júní 2016.

Viðauki 2 - Fundargerðir

Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS

15. mars 2016 kl. 14:30 – 16:00

Fyrsti fundur

Mættar eru: Hulda Valdís Valdimarsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, Jónína Ólöf Emilsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Guðrún Kaldal.

Vegna ýmissa ástæðna seinkaði mörgum og því dróst upphaf fundarins.

Fundur hefst á því að allar mættar kynna sig og segja hvaðan þær koma, en svo vill til að aðeins konur eru í þessum starfshópi. Að kynningu lokinni varpar Hulda upp glærum þar sem markmið og hlutverk starfshópsins eru sett fram. Hugtakið lýðræði er skoðað og rætt lauslega í tengslum við mannréttindi og jafnrétti. Rætt um afmörkun verkefnis, hvað við viljum leggja mesta áherslu á. Guðrún talar um reynslu starfsfólks í Frostaskjólí varðandi lýðræðisstarf með ungu fólki. Segir einnig frá komandi verkefni þar sem skoða á nemendaráð og nemendafélög grunnskólanna.

Hugmyndavinna, hvert verkefni hópsins tekið fyrir og hver og einn skrifar niður hugmyndir um útfærslur á litla gula miða. Hulda og Kolla ætla í framhaldinu að vinna úr hugmyndunum og útbúa gróflaga verkáætlun.

Umræður um sýndarlýðræði, er í raun hlustað á börn og ungmenni eða eru þeirra raddir nýttar sem skrautfjaðrir? Almennar umræður og sögur um lýðræðis- og ólýðræðisleg vinnubrögð í borginni. Mættar eru sammála því að fólk leggi misjafna merkingu í orðið lýðræði og við verðum að taka tillit til þess og setja okkur því ákveðið viðmið til að vinna út frá.

Ákveðið að reyna að funda framvegis á 2ja vikna fresti. Næsti fundur áætlaður þann 07 .apríl

Fundi slitið kl. 15:50

Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS

07. apríl 2016 kl. 14:30 – 16:00

Annar fundur

Mættar eru: Hulda Valdís, Kolbrún Hrund, Eygló Rúnarsdóttir, Jónína Ólöf og Eyrún Magnúsdóttir. Nanna Kristín kom inn á fundinn síðar.

Forfallaðir: Guðrún Kaldal og Valborg Hlín.

Fundur hefst á því að Hulda fer yfir áætlað skipulag funda starfshópsins fram á vor.

Jónína segir frá M-rannsókn Helgu Helgadóttur um nemendalýðræði í skólastarfi. Rætt er um mikilvægi þess að gera breytingar til frambúðar, að ekki verði um enn eitt átakið að ræða heldur að við reynum að vinna að því að breyta almennt viðhorfum til nemendalýðræðis í skólakerfinu. Eygló stingur upp á því að við leitum hugmynda hjá ungu fólki t.d. áhugahópnum sem Kolbrún starfar með og Reykjavíkurráðinu varðandi hvað þau sjá fyrir sér varðandi aukið lýðræði. Kolla ætlar að senda fyrirspurn varðandi það á unglíngana í áhugahópnum.

Rætt var um að Samfok og Heimili og skóli hefðu haldið fundi úti í hverfunum þar sem rætt var um hlutverk skólaráðs. Skýrsla á að vera til hjá SFS. Í ljós kom að nemendur sem eru í skólaráði (almennt) eru fremur óvirkir og skortir þekkingu. Eygló bendir á að unglíngarnir í hennar skóla upplifðu að þeir væru hafðir í skólaráði til skrauts, að þeirra skoðanir skiptu í raun ekki máli. Laugalækjarskóli og Laugó, Hagaskóli og Frostaskjólí, Réttarholtsskóli og Bústaðir unnu Comeniusarverkefni um nemendalýðræði. Væri gaman að fá kynningu á þessu verkefni og skoða það nánar. Kolla ætlar að heyra í Valborgu varðandi verkefni í leikskólum (fá svo kynningu á því/þeim verkefnum).

Eygló kynnir skýrslu um innleiðingu Barnasáttmálans hjá Reykjavíkurborg (sjá kynningu í möppu). Þeirri hugmynd var varpað fram að fá Inga Poulsen umboðsmann borgarbúa til að koma og fræða okkur um kæruleiðir barna (frumkvæði).

Hulda tekur við og kynnir stórfund unglíngna í ráðhúsinu sl. haust. Um tilraunaverkefni var að ræða sem tókst afar vel. Meira um þetta verkefni má sjá á kynningu sem fer í sameiginlegu möppuna.

Nanna segir frá myndbandi sem tekið var í Norðlingaskóla. Náms hópur nemenda í 8.- 10. bekk er hópur sem tekur þátt í að undirbúa þemu sem tekin eru fyrir í skólanum. Sem dæmi má nefna að einn nemandi sem hafði gríðarlegan áhuga á Star Wars leitaði til hópsins og óskaði eftir því að það yrði Star Wars þema í skólanum. Það var samþykkt og var tekin vika í þemað, þar sem þemanu var fléttað inn í allar námsgreinar og allt námsumhverfið. Annað dæmi er Harry Potter þema, þar sem skólanum var nánast breytt í Hogwarts um vikutíma. Þetta fyrirkomulag hefur reynst virkilega vel og ætlum við að reyna að fá nánari kynningu á þessu fyrir starfshópinn. Nanna ætlar að senda okkur myndbandið sem tekið var á þemadögum í skólanum.

Næsti fundur er áætlaður þann 14. apríl. Fundi slitið kl. 16:00.

Starfshópur um aukid lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS
14. apríl 2016 kl. 14:30 – 16:00
Þriðji fundur

Mættar eru: Hulda Valdís, Kolbrún Hrund, Eygló Rúnarsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Nanna Kristín, Valborg og Guðrún Kaldal

Fundur hefst á því að Ragnar Þór Pétursson kennari í Norðlingaskóla segir okkur frá því með hvaða hætti unnið er með lýðræði í skólanum. Lýðræði fléttast inn í önnur markmið skólans, reynt er að vinna markvisst að því að þjálfa nemendur í að taka ákvarðanir og standa með þeim. Nemendum leyfist að gera mistök og læra af þeim, stundum er nemendum jafnvel „ýtt“ út í það að gera mistök, eða yfirvofandi mistökum er ekki afstýrt til þess að nemendur læri meira.

Námsnefnd (6) er skipuð á hverju ári, hún hlustar eftir hugmyndum nemenda og allt kapp er lagt á að verða við tillögum nefndarinnar. Lögð mikil áhersla á að ekki sé um sýndarlýðræði að ræða heldur raunverulegt lýðræðisstarf með nemendum. Þetta er aðallega unnið í unglingsáæild, Ragnar telur mikilvægt að byrjað sé fyrr að vinna með lýðræðið í skólanum.

Skólaþing, þá eru skipaðar nefndir, allir nemendur sitja í einhverri nefnd. Hver nefnd ræðir um ákveðið málefni t.d. varðandi húsnaði, útisvæði, námsgreinar ofl. og svo koma allir saman á þing og þá eru lagðar fyrir hugmyndir nefndanna og kosið um þær. Starfsfólk reynir að uppfylla allar raunhæfar hugmyndir.

Það er mikið lagt upp með vald nemenda dags daglega. Valdefling nemenda. Á álagstímum bregðast kennarar við með því að draga til sín meira vald, ná stjórn á aðstæðum. Ræðir um að það gæti orðið óþægilegt þegar hugmyndafræðilegir árekstrar verða, hvernig ætlar skólinn að bregðast við því?

Mikil og hreinskiptin umræða bæði í starfsmannahópnum og milli starfsfólks og nemenda, hver og einn hvattur til að skoða sjálfan sig og velta því fyrir sér hvernig hægt er að gera betur.

Samstarf við aðra skóla, segir frá samstarfi sem gæti orðið í Vestmannaeyjum. Ragnar fékk boð um að koma til eyja og halda námskeið fyrir kennara þar um spjaldtölvur í skólastarfi. Hann ræddi við nemendur um hvað þeim finnst um þessa hugmynd og úr varð að tveir nemendur ætla að fara með einum kennara og halda námskeiðið. Ragnar leggur áherslu á mikilvægi þess að góð verkefni festist ekki inni, heldur að stöðugt lifni við ný verkefni og þannig þróist skólinn áfram.

Rætt um hvers vegna teymisvinna getur verið svo góð, með hvaða hætti foreldrar geta komið inn í teymisvinnuna og gert þannig lærdómssamfélagið sterkara.

Valborg ræðir um hversu erfitt er að eiga við hugtökin sjálfræði og lýðræði í leikskólanum. Hún hefur rekið sig á þetta bæði með starfsfólk og foreldra. Mismunandi skilningur fólks á hugtökunum verður til þess að lýðræðisvinna getur verið svo krefjandi. Ragnar segir að í Norðlingaskóla sé oft frekar talað um valdeflingu nemenda frekar en að hengja sig í hugtakið lýðræði.

Guðrún talar um aldur, það sé svo ofsalega misjafnt hvernig hægt er að vinna með lýðræði með börnum út frá aldri þeirra. Almennar umræður um allskonar birtingarmyndir lýðræðis, trú á getu barna og virðingu fyrir þeim.

Nanna Kristín tekur við og segir frá vinnu starfshóps um nemendamiðað skólastarfi. Hópurinn byrjaði á því að skilgreina hvað nemendamiðað skólastarf væri. Tillögur hópsins voru að:

- skoða hversu vel reglugerð um skólaráð sé framfylgt í borginni.
 - hlustað verði á raddir nemenda, ekki síst varðandi hugmyndir þeirra um nám og kennslu.
 - nýta áhuga og reynslu sem þegar er til staðar
 - þema öskudagsráðstefnunnar yrði nemendamiðað skólastarf
 - gera grunnskólum kleift að sækja um styrki til að þróa nemendamiðað skólastarf með ólíkum áherslum
 - Námskeið um borgaravitund
 - að reynsla og þekking verði skjalfest með myndbandsupptökum sem vistaðar verði á vef SFS
 - leita leiða til að efla hlutdeild foreldra
- Kynningin verður sett inn í sameiginlegu möppuna.

Gunnur leikskólastjóri í Garðaborg mætir kl. 15:30 og segir okkur frá því hvernig Garðaborg vinnur með barnalýðræði. Hugmyndin að lýðræðisvinnunni kemur frá Barnasáttmálanum, þær mátuðu sitt starf við sáttmálann. Fengu foreldra í lið við sig, héldu fundi (ca. 3 á önn) og mynduðu þróunarverkefni sem hét lýðræðisleg stjórnun (foreldrar, börn og starfsfólk). Leitað var leiða til að fá börnin sem virka þátttakendur, það var áskorun að fá foreldra með í lið. Á foreldrafundunum voru ýmis atriði rædd svo sem um lýsisgjöf á leikskólanum o.fl. Í dag er lýsi gefið á leikskólanum en börnin ráða því sjálf hvort þau vilja þiggja það eða ekki.

Verkefnið var ögrandi fyrir starfsmannahópin, en um leið skemmtilegt og lærdómsríkt. Foreldrar fundu aukna meðvitund um leikskólastarfið. Lýðræðislegar hugsanir barnanna skiluðu sér heim.

Ekki eru haldnar sérstakar lýðræðisstundir eða annað slíkt heldur er unnið að því að lýðræðið sé í veggjunum, það sé alltaf grunnhugsunin í öllu starfi leikskólans. Hlustað er sérstaklega eftir hugmyndum barnanna og reynt að framkvæma þær ef hægt er. Notaðar eru ýmsar hugmyndir til að kenna börnunum að kjósa og velja.

Börnin hanna og sauma öskudagsbúningana sína sjálf. Þau fá einnig að ráða algerlega sjálf hvað þau vilja gefa foreldrum sínum í jólagjöf, hanna og skapa gjöfina líka alveg frá grunni sjálf. Útskriftaferðin er einnig í höndum barnanna, þau velja hvert farið er, hvernig og hvaða nesti á að taka með. Ef þau velja eitthvað sem ekki er gerlegt, þá er útskýrt og rætt hvers vegna sú hugmynd gengur ekki upp. Kíppa með lagatextum gengur á milli í söngstund og þannig fá yngstu krakkarnir að velja hvað sungið er.

Fundi slitið 16:00.

Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi SFS
28. apríl 2016 kl. 14:30 – 16:00
Fjórfóð fundur

Mættar eru: Hulda Valdís, Kolbrún Hrund, Guðrún Kaldal, Snædís (í fjarveru Jónínu) og Nanna Kristín.
Forföll boðuðu: Eygló, Jónína og Eyrún.

Andrea Marel og Steinunn Grétarsdóttir frá Frostaskjólí eru komnar til að kynna fyrir okkur hvernig unnið er með lýðræði í þeirra starfi. Frostaskjól hefur lagt mikla áherslu á lýðræði barna og unglínga í sínu starfi.

Andrea byrjar á því að segja frá unglíngastarfinu: Mikil pressa á unglínga í dag, áreitið stöðugt og lítill frítími. Unglíngar eru vel meðvitaðir um það sem á sér stað í samfélaginu í dag, fylgjast vel með fréttum og umræðum í samfélaginu. Það þykir flott að láta sig málin varða, að taka afstöðu er smart. Í félagsmiðstöðinni er mikið unnið með áhugamál krakkanna og mikill sveigjanleiki til að skoða eitthvað sem er út fyrir nærsamfélagið. Mikið lagt uppúr samskiptum, gagnrýninni hugsun og uppbyggilegum rökræðum. Unglíngarnir eru hvattir til að segja skoðanir sínar, hugsanir og langanir og þau hvött til að hafa frumkvæði að verkefnum. Þau bera ábyrgð á vali sínu. Starfs- og aðgerðaráætlun er unnin út frá áhuga krakkanna á ári hverju. (Lýðræðisstigi/þáttökustigi) Það tekur lengri tíma og er oft meira krefjandi fyrir starfsfólk að leyfa unga fólkinu að hafa raunveruleg áhrif en það er algerlega þess virði. Segir frá málþingi sem Ungmennaráð Vesturbæjar hélt (stelpur til framtíðar). Virkilega flott verkefni.

Félagsmiðstöðin Hofið er sértæk félagsmiðstöð. Þar er þema fyrir hvern mánuð, vinna mikið með lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Hofsráð skipuleggur dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.

Í félagsmiðstöðinni Frosta eru reglulega haldnir viðburðir t.d. hjólabrettaviðburðir sem skipulagðir eru sérstaklega með áhugamál krakkanna í huga.

Krakkarnir í ráðum félagsmiðstöðvanna eru ekki sömu krakkar og eru í nemendaráðum skólanna. Í skólunum eru frekar krakkar sem eru félagslega sterkir og komast inn í gegnum kosningar en í félagsmiðstöðunum eru krakkarnir virkjaðir inn. Krakkar sem vilja hafa áhrif á það sem fram fer í félagsmiðstöðinni en eru ekki endilega „vinsælu krakkarnir“.

Rætt um nemendafélög í skólum og svo nemendaráð í félagsmiðstöðum, meira samstarf á milli skóla og frístundar? Vantar samtal á milli frí og grunnskólans og svo barna og ungmenna um hvernig er hægt að gera þetta sem best.

Steinunn segir frá barnastarfinu: Börnin eru á aldrinum 5-10 ára. Byrjað strax í fyrsta bekk að undirbúa börnin í átt að barnalýðræði. Lögð áhersla á að kynna börnum réttindi sín og skyldur. Veltir upp þeirri hugmynd að barnaráð sé ekki samasem merki við barnalýðræði. Það er hægt að vera með barnaráð en ekki raunverulegt barnalýðræði og líka að vera ekki með barnaráð en samt hellings barnalýðræði.

Lögð áhersla á virðingu, samkennd og ábyrgð. Unnið frá einföldum hugmyndum s.s. val um náttfatadag með handauppréttingu yfir í flóknar hugmyndafræðilegar hugmyndir (sem til dæmis tengjast greinum Barnasáttmálans).

Frístundaheimilin í vesturbænum eru afar stór, í því stærsta eru 270 börn. Það er flókið að láta dagana ganga vel upp með svo stóran hóp af börnum.

Markmiðið er í raun að hvetja börnin til að vera þátttakendur í eigin lífi en ekki bara farþegar. Að þora og geta valið út frá áhuga sínum óháð áhuga hinna í hópnun sbr. ef vinurinn vill alltaf vera í fótbolta en þér langar að vera í dúkkuleik. Efla barnið til að standa með sjálfu sér og þora að velja fyrir sig.

Fjölbreyttar aðferðir til að vinna með barnalýðræði (sjá glærur).

Á hverju ári fá öll börnin fræðslu frá Rauða krossinum og frá Unicef. Í kjölfarið eru viðburðir þar sem annarsvegar er sett upp Unicef þrautabraut þar sem krakkarnir safna áheitum og hins vegar jólamarkaður þar sem þeir selja handgerðar vörur og allur ágóði af þessum viðburðum rennur óskiptur til barna í Afríku. Krakkarnir fá alltaf að vita í hvað peningurinn var notaður. Þau finna því sterkt að það sem þau gera skiptir máli, að þau hafa raunveruleg áhrif.

Uppskeruhátíð 20. maí á Ingólfstorgi (allir hvattir til að mæta).

Hugmyndafræðin gengur út frá því að krakkarnir læri frá 1. bekk um lýðræði og smám saman læra þau meira og meira um lýðræði. Þegar þau eru komin í unglíngadeild eru þau orðin vel þjálfuð og óhrædd við að standa með skoðunum sínum og hafa áhrif.

Hjördís frá Unicef kemur á fundinn kl 15:30 og segir frá Réttindaskólaverkefni Unicef og Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla, Flataskóla og Kringlumýri. Byrjar á því að útskýra fyrir hvað Réttindaskóli stendur. Mörg þúsund skólar sem vinna eftir réttindaskólalíkaninu sem gengur út á það að vinna markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Réttindi barna verða rauði þráðurinn í öllu skólastarfi. Áhersla lögð á að skapa skólaanda sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Skólarnir leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Börn eiga réttindi en læra að hin börnin eiga sömu réttindi líka. Með hávaða og látum eru þau að brjóta á réttindum hinna barnanna um að fá að læra í friði og ró. Þessvegna er talað gagnert um réttindi og að bera virðingu fyrir réttindum annarra, en ekki réttindi og skyldur. Börn geta upplifað að þau missi sín grundvallar mannréttindi ef þau hafa brotið skyldur sínar og það er ekki markmiðið. Því er reynt að forðast orðið skyldur.

Fimm forsendur réttindaskóla:

1. Þekking á réttindum barna
2. Barna- og ungmennalýðræði
3. Eldmóður fyrir réttindum barna
4. Barnasáttmálinn hluti af daglegu starfi
5. Samstarf út fyrir skólann

Francis sem er yfir Réttindaskólaverkefninu í Bretlandi kemur í haust og fræðir starfsfólk tilraunaverkefnisins (Laugardals) á hálf dags námskeiði. Að ári loknu má gera ráð fyrir að Unicef opni á samstarf við fleiri skóla og frístundamiðstöðvar. Hver bekkur gerir bekkjarsáttmála, þar sem samskiptareglur eru samdar í sameiningu (líka gert í frístundaheimilum og félagsmiðstöðum). Stefnt er að því að verkefnið smitist út í hverfið, leikskólarnir í hverfinu og íþróttafélagið fá upplýsingar um það. Markmið að innan hverfis myndist sameiginlegur skilningur og sameiginleg markmið. Gátlistar skipta miklu máli þegar unnið er eftir líkaninu, svo hægt sé að skoða (og bera saman) ávinning af verkefninu.

Þakkað fyrir mjög áhugaverðar kynningar – fundi slitið.

Fundur starfshóps um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi 5. fundur 26. maí 2016

Mættir: Hulda Valdís, Kolbrún Hrund, Guðrún, Eyrún, Eygló og Valborg.
Forföll boðuðu: Jónína og Nanna Kristín.

Á dagskrá fundarins eru tvær kynningar og umræður um þær.

Jón Thoroddsen kennari í Laugarlækjarskóla:

Jón kynnti verkefni sem hann hefur unnið að í Laugarlækjarskóla með unglingum þar. Hefur verið að koma inn í lífsleiknitíma og kenna samræðulist. Jón sagði frá þessari vinnu og framkvæmd þess og lagði fyrir fundargesti nokkrar lykilsurningar;

- 1) Er lýðræði í skólum eitthvað sem við höfum ákveðið hvernig skilgreina á eða hafa nemendur eitthvað að segja um það?
- 2) Ólafur Páll dósent í heimspeki við menntavísindasvið HÍ heldur því fram að lýðræði í víðtækasta skilningi sé að hlusta á alla. Hvernig kemur það heim og saman við skólastarf yfirleitt?
- 3) Eru einhverjar aðrar kröfur í skólastarfi sem ganga þvert á lýðræðiskröfuna? Ef svo er, er þá ekki tilvalið að færa þessa átakpunkta inn í umræðu og gera með því skólann lýðræðislegri?
- 4) Á eitthvað svipað við um mannréttindi? Nú hef ég heyrt því fleygt að gera eigi Laugarlækjarskóla að mannréttindaskóla. Hafa nemendur sjálfir eitthvað að segja um það hvernig við skilgreinum mannréttindi? Hver er réttur hvers og eins og hvernig samræmist það heildarskipulaginu?
- 5) Setjum svo að skilningur hugtakanna sé í höndum nemenda; er skólafélagið okkar ekki um leið orðin hluti af opnu spurningferli? Séum við fær um þetta er kominn möguleiki á að raungera einhverja tegund af lýðræði í stað þess að þetta sé allt til málamynda. Segjast vera lýðræðisleg en framkvæmdin er öll önnur.

Umræður um spurningarnar.

Hulda Valdís segir frá ungmennanægingi í Lundi og öðru áhugaverðu frá heimsókn til Lundar í maí:

Hulda kynnti sína upplifun af ungmennanægingi sem hún var viðstödd í Lundi í byrjun maí og sagði frá því hvernig þessi þing eru hugsuð og hvernig staðið er að skipulagningu og framkvæmd þeirra. Sagði einnig frá svokölluðum „umboðsmönnum ungmenna“ sem er ungt fólk yngra en 25 ára sem er tengiliðir við ungt fólk í Lundi og aðstoðar við ungmennanægingin o.fl. verkefni sem unglingar og ungmenni eru að vinna að í Lundi. Kynning vistuð inn á sameiginlegri möppu eins og aðrar kynningar.

Fundi slitið kl. 15.55.

Starfshópur um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi 09.06 2016

Mættar eru: Nanna Kristín, Eygló Rúnars, Kolbrún, Hulda Valdís og Guðrún Kaldal.
Forföll boðuðu: Valborg og Eyrún.

Kynning á Pestalozzi-verkefni:

Nanna Kristín hefur fundinn með því að kynna Pestalozzi, en það er útfærsla Evrópuráðsins á menntastefnu sem kom fram í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar. Vinna átti að því að mennta börn þannig að þau væru á móti stríði. Með því að efla lýðræði og virðingu ættu börn að vilja lifa í heimi þar sem ekki eru stríð. Þau áttu að læra um virðingu og víðsýni. Nanna fór ásamt Elísabetu á námskeið (Modul, 12-18 mánaða prógramm) þar sem unnið var með ofbeldi í skólum. Hvernig geta skólar unnið gegn ofbeldi? Nanna og Elísabet fóru í 2x viku þjálfun, í Strassburg og Madrid.

Convivencia (hugtak sem þýðir ca. „að geta lifað saman í sátt og samlyndi þó við séum ólík“). Starts with me and ends with we! Áhersla lögð á vald starfsfólks til að stuðla að góðu bekkjarsamfélagi og skapa góðan skólabrag. Kennarar þurfa að velta fyrir sér fagmennsku sinni í þessu samhengi. Inni á heimasíðu Evrópuráðsins undir „lýðræði“ er að finna mikið af áhugaverðu efni: <http://www.coe.int/t/Democracy/>

Hugmyndavinna – stefna um aukið lýðræði í öllu starfi á vegum SFS:

Ákveðið að setja niður allt það sem fundarmönnum dettur í hug í þessu samhengi og finnst mikilvægt að lögð sé áhersla á í slíkri stefnu. Algjörlega opið fyrir allar vangaveltur.

- Ekkert breyttist nema starfsfólk á vettvangi breyti sínum viðhorfum. Breytingar verða að eiga sér stað fyrst í starfsmannahópnum.
- Mikilvægt að lýðræði sé partur af menningu viðkomandi starfsstaðar. Þetta verður að vera í veggjunum.
- Byrja á því að nálgast það fólk sem hefur áhuga á því að sinna auknu lýðræði í starfi sínu með börnum. Viðkomandi getur svo kannski drifið aðra með sér. Möguleiki á samstarfi t.d. við Háskólann um ákveðin verkefni í þessu samhengi.
- Mælingar skólanna hafa hamlandi áhrif á skapandi lýðræðisstarf í grunnskólum. Ef skólarnir taka of langan tíma í lýðræðisvinnu getur það bitnað á öðru námi (námsmat í ákveðnum greinum hefur forgang til þess að nemendur hafi þá færni sem þarf til að komast á næsta skólastig).
- Þetta snýst í raun alltaf um það sama, það verður að fjárfesta í verkefninu. Ef skila á raunverulegum árangri þá verður fjárfesting að fylgja með.
- Þetta er vandmeðfarið og ekki hægt endilega að brjóta niður alla veggi til þess að byggja upp nýja, spurning um að gera þetta skynsamlega. Það getur verið flókið og erfitt að breyta hugsun. Við þurfum að fá skólastjórnendur eða yfirmenn til að vera frumkvöðla og taka fyrstu skrefin.
- Það þarf að vera búíð að skilgreina hvað er árangur? Hvernig ætlum við að meta hvort verkefnið skilar árangri eða ekki? Verður að búa til matskvarða í tengslum við þessa vinnu – skilgreina viðmið fyrirfram svo hægt sé að mæla fyrir og eftir.
- Muna að skóli og frístund er fyrir börn en ekki fyrir fullorðna. Mikilvægt lýðræðislegt markmið ætti að vera að börn eru ekki skömmuð, aldrei. Fara aðrar leiðir til að leiðbeina.
- Þurfum að ávarpa hvað við eigum við með hugtakinu „lýðræði“ og hvernig við ætlum að nálgast það/skilgreina það. Er hugtak sem er dálítið mikið uppi í skýjunum – taka dæmi um ólíkar birtingarmyndir lýðræðis.
- Skoða skýrslu vinnuhóps sem fjallaði um innleiðingu Barnasáttmálans (skýrsluna er að finna í sameiginlegri möppu starfshópsins).
- Tengja inn í vinnu starfshópsins við þróunarverkefni í Frostaskjól þar sem markmiðið er að styðja við vinnu nemendaráða og fulltrúa sem sitja í skólaráði.
- Leggja fram hugmyndir um hver næstu skref ættu að vera varðandi ungmennanæping og umboðsmann ungmenna – kom því verkefni í farveg. Mjög góðar upplýsingar að finna á heimasíðu Lundar um þetta.
- Mikið að starfshópum sem vinna skýrslur og því miður oft sem virðist síðan stranda á að innleiða það sem lagt er til – ávarpa þetta vandamál okkar skýrslu og vísa í þá vinnu sem þegar hefur verið unnin og tengist starfi þessa hóps; nemendamiðað skólastarf, innleiðing á barnasáttmála o.fl.
- Aðgerðaráætlun sem lögð verður fram verður að vera skýr og hafa stefnuna hnitmiðaða – leggja áherslu á tvennt í stefnunni – 1) Framtíðarsýn – efla lýðræðisvitund 2) Tryggja að umhverfið styðji við að hægt sé að efla lýðræðisvitund.
- Fræðsla og stuðningur fyrir áhugasama er grundvallaratriði – t.d. þarf að fjalla um viðhorf og hvað má ég ræða í starfi mínu með börnum. Ekki allir öruggir með það.
- Mála mynd af góðum „lýðræðisskóla“.
- Greinin „Hversu lýðræðisleg á ég að vera“ er mjög góð og vert að glugga í hana. Líka greinin sem Eygló sendi – The Empowering Schools Project. Er báðar að finna inni á sameiginlegri möppu.
- Mikilvægt að átta sig á því að það þarf ekki að vera óstjórn og kaos þar sem lýðræði er iðkað – sá misskilningur stundum í umræðunni.

Verkefni næstu tveggja funda sem jafnframt eru síðustu fundir starfshópsins:

Mikilvægt að sem flestir mæti á næsta fund þar sem þá verður unnið áfram með þær áherslur sem hópurinn vill að komi fram í lokaskýrslu. Fundurinn 30. júní hugsaður til að fara yfir og taka lokaákvæðanir um innihald lokaskýrslu.

Fundi slitið kl. 15.40

Starfshópur um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi 23.06 2016

Mættir eru: Haraldur (staðgengill Guðrúnar), Jónína, Hulda, Nanna og Valborg.
Forföll boðuðu: Eygló, Guðrún, Kolbrún og Eyrún.

Farið yfir verkefni fundarins sem felast í framhaldi af hugmyndavinnu frá síðasta fundi.

Hugmyndir um umboðsmann ungmenna og ungmennanæping – allar hugmyndir skráðar niður á gula miða:

1. Þarf að skilgreina hvaða aldur fellur þarna undir – ungmenni oft skilgreind sem 16-25 ára en SFS aðallega að vinna með börn upp að 16 ára – ungmennaráð til 18 ára. Umboðsmaður barna að vinna með börn upp að 18 ára.
2. Ekki vinna bara með ungmennanæping heldur allan aldur sbr. t.d.
 - a. 2-5 ára
 - b. 6-9 ára
 - c. 10-13 ára
 - d. 14-16 ára
 - e. 16-28 ára
3. Fyrir hverja eiga þingin að vera? Eiga þau að vera miðlæg og opin öllum áhugasömum eða á að vinna þetta í hverju hverfi fyrir sig með þátttöku allra eða kannski blanda þessu tvennu saman á einhvern hátt.

4. Eiga þingin að vera eingöngu fyrir börn og unglinga eða á þar að leiða saman börn, unglinga, embættismenn, foreldra og stjórnámálemenn?
5. Á þetta að vera þannig að kallað sé saman þing vegna ákveðinna mála? Og hver ber þá ábyrgð á að gera það? Samstarf umboðsmanns og ungmennaráðs?
6. Huga að tengingu ungmennaráða við þetta verkefni – ungmennaráðin í hverjum borgarhluta að vera leiðandi í þessari vinnu í viðkomandi hverfi.
7. Vera með ungmennafing hverfaskipt og fara svo með mál inn á stórt ungmennafing.
8. Kannski ætti að bjóða upp á tilraunaverkefni – móðurskóla eða móðurhverfi.
9. Óska eftir áhugasömum starfsstöðum/hverfum til að prófa sig áfram með ungmennafing.
10. Gera tilraunir með þing fyrir mismunandi aldurshópa s.s. 2-5 ára, 6-9 ára o.s.frv.
11. Vinna með þing inni í hverjum borgarhluta og t.d. eitt stærra á ári sem er miðlægt.
12. Frístundamiðstöðvar leiði verkefni í hverjum borgarhluta – umboðsmenn ungmenna ráðinn inn í hlutastarf í hverjum borgarhluta sem tengiliður við börn/unglinga eða ungmennaráðin.
13. Vinna slík þing í hverjum skóla/félagsmiðstöð sem samstarfsverkefni einu sinni á ári.
14. Þingin verði hluti af samfélagsfræðikennslu grunnskólanna.

Stefna um aukið lýðræði og hverju er mikilvægt að huga að í slíkri stefnu – allar hugmyndir skráðar niður á gula miða:

1. Setja alvörufrjármagn í alvöruverkefni – ekki dreifa tókollum út um allan bæ.
2. Hver starfsstaður þarf að ræða hvað felst í hugtakinu lýðræði fyrir viðkomandi starfsstað – starfsfólk þarf að vera á sömu blaðsíðu.
3. Skilgreina lýðræði á hverjum starfsstað – umræða um lýðræði. Skipta niður í hópa og hver hópur segir frá sínum niðurstöðum.
4. Taka upp umræðu um lýðræði á öllum starfsstöðum og hvað felst í því – búa til „okkar eigið lýðræði“.
5. Taka lítill skref – takast á við afmörkuð verkefni skref fyrir skref.
6. Starfsstaður sem vill fókusa á lýðræði þarf kannski að fá að slaka á í öðru á meðan af því að það er ekki hægt að vinna allt í botn á sama tíma.
7. Finna boðbera lýðræðis í borginni og vinna með þeim og styðja til góðra verka – búa þannig til best-practise.
8. Eitthvað hverfi fær það hlutverk að vinna með lýðræði eða einhverjir starfsstaðir sem hafa áhuga og eru tilbúnir til að leggja áherslu á lýðræðisvinnu og fá stuðning til þeirrar vinnu.
9. Þróunarstyrkir – forgangsraða þeim í lýðræðisverkefni. Hverfi geta þá t.d. tekið sig saman og fengið hærri styrki.
10. Móðurhverfi í lýðræði til 2-3 ára sem fær þá stuðning og svigrúm til að vinna með lýðræði.
11. Skapa aðstæður og rými til að breiða út boðskapinn (fyrir þá sem hafa verið að vinna verkefni sem tengjast lýðræði og aðrir gætu verið að læra af).
12. Grasrótin segi frá því á öðrum starfsstöðum hvað hægt er að gera í lýðræðisvinnu – fólk fái dæmi um verkefni).
13. Þarf að finna leiðir til að flétta lýðræði inn í allt sem gert er – til að starfsfólk átti sig á því hvað felst í lýðræðisvinnu þarf það að fá dæmi um hvernig það er gert.
14. Mikilvægt að setja niður viðmið í upphafi og gera stöðutöku – mæla svo aftur á einhverjum tímapunkti.
15. Um að ræða langtímaverkefni – samt mikilvægt að setja samt niður vörður til að fylgja – annars gerist ekki neitt.

Fundi slitið kl. 15.55

Starfshópur um aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi 8. fundur 30. júní 2016

Mættar eru: Hulda, Eyrún, Eygló, Kolbrún og Jónína
Boðuð forföll: Nanna, Guðrún Kaldal og Valborg

Síðasti fundur starfshópsins, rætt um hvað setja á í stefnumótunina og aðgerðaráætlunina. Samkvæmt ósk frá Huldu (í tölvupósti fyrir fundinn) settur hver og einn fram sínar hugmyndir og pælingar.

Almennar umræður sköpuðust en helstu punktar voru eftirfarandi:

- Byrja á starfsfólkinu, ræða um af hverju þetta skiptir máli. Það verður að skapa rými fyrir starfsfólk til að hugsa um og finna út úr því hvaða skilning það leggur í hugtakið lýðræði og hvernig það vill vinna með það. Mikilvægt að skilgreina hugtakið og gefa starfsstöðum tækifæri til að ræða sig niður á sameiginlegan skilning á því.
- Mikilvægt að setja viðmið um hvernig á að mæla árangur þessarar vinnu. Spurning með að vinna einhvers konar gátlista þar sem hægt til að taka stöðuna t.d. í upphafi skólaárs og í lok. Gátlistarnir geta einnig virkað sem kveikja að hugmyndum fólks um lýðræði og lýðræðisvinnu.
- Starfsumhverfið verður að fóstara vinnu í anda lýðræðis – lýðræði verður að vera til staðar á starfsstaðnum fyrir alla, börn og fullorðna.
- Mikilvægt að efla opinn vettvang í félagsmiðstöðvunum.
- Styðja við það góða starf sem þegar er verið að vinna með á starfsstöðvunum og tengist lýðræðislegri vinnu, t.d. vinnu með nemendarád, skólarád, unglingarád, foreldrafélög o.fl.
- Mikilvægt að krakkar hafi einhver alvöru áhrif, ekki bara sýndarlýðræði. Ekki nóg að vera í skólaráði ef skoðanir manns skipta ekki máli og hafa engin raunveruleg áhrif. Þarf mögulega að kynna betur hvaða áhrif hægt er að hafa í gegnum skólarád (og annan vettvang).

- Umræðan skiptir svo miklu máli, þarf ekki alltaf að vera útkoma á pappírnum – mikilvægt að vinna með samræður og samræðulist sbr. kynning Jóns Thoroddsen.
- Það þarf að styðja við þá sem eru áhugasamir um lýðræði, þeir geta orðið öðrum leiðarljós og verkefni þeirra og vinna til eftirbreytni fyrir aðra.
- Skuggakosningar barna í liðnum forsetakosningum flott dæmi um verkefni þar sem verið að er að vinna með virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.
- Búa til námskeið t.d. á haustsmiðjum kennara um hvernig má stjórna umræðum með börnum og unglingum. Benda kennurum og starfsfólki á fleiri leiðir en bara fundi í lýðræðisvinnu, t.d. ýmsa leiki sem þjálfar nemendur í samræðulist og ýmsa leiki sem þjálfar nemendur í að mynda sér skoðun og standa með vali sínu.
- Ýta undir framþróun og tilraunir á vettvangi, t.d. í gegnum þróunarstyrki og markvissan stuðning við áhugasama.
- Setja nánari útfærslu á ungmennafundum í hendurnar á unglingum í ungmennaráðum – væri hægt að biðja ungmennaráðin um að taka þetta verkefni fyrir á sameiginlegum starfsdegi ráðanna í haust. Þjóðfundarfyrirkomulag, fundir í hverfum, á borgarvísu o.fl. sem kæmi til greina varðandi útfærslu ungmennafundanna.
- Mikilvægt að tengja áherslur starfshópsins innleiðingu á Barnasáttmálanum – ekki hægt að aðgreina aukna áherslu á lýðræði án þess að fjalla líka um Barnasáttmálann.
- Umboðsmenn ungmenna eru hugsaðir til að vera tengiliðir við unglunga og stuðningur við þá til að koma sínum málefnum á framfæri – nokkurs konar tengiliðir á milli unglunga og embættismanna og stjórnmalamanna. Byggir á því að vinna meira á jafningjagrundvelli og byggja á sameiginlegum skilningi – ekki alltaf fullorðnir að vinna með unglingum að verkefnum sem varða unglunga eða ungmenni. Ein hugmynd að einn umboðsmaður starfi í hverju hverfi t.d. í tengslum við frístundamiðstöð og myndi m.a. hafa það hlutverk að starfa með ungmennaráði í viðkomandi borgarhluta og vera tengiliður og stuðningur við börn og unglunga í viðkomandi hverfi.
- Lögð var sérstök áhersla á að vinna starfshópsins yrði ekki enn eitt dæmið um sýndarlýðræði heldur verði niðurstöður hópsins nýttar á einhvern hátt.

Nanna Kristín sendi inn sínar áherslur fyrir fundinn þar sem hún er komin í sumarleyfi :

- Tökum fá skref í einu, setjum okkur skýr markmið og viðmið um árangur. Metum reglulega hvernig vinnst.
- Einbeitem okkur að þeim tækifærum sem þegar eru til staðar í eflingu lýðræðis t.d. störfum skólaráðs, foreldrafélaga og nemendafélaga auk áherslunnar á skólabrag, samvinnu og nemendamiðað skólastarf sbr. skýrsla starfshóps.
- Byrjum á starfsfólkinu sem á að efla lýðræði, það þarf að hafa skýrar hugmyndir um hvað lýðræði er, hvernig það birtist og hvers vegna það skiptir máli.

Hulda sendir mynd frá Ólafi Páli sem Eygló vísar til á hópinn ásamt mynd af greiningarmódeli Shiers sem er að finna í skýrslu um nemendamiðað skólastarf .

Hulda mun gefa Valborgu og Guðrúnu tækifæri til að senda inn sínar áherslur þar sem þær komust því miður ekki á fundinn.

Þegar drög að lokaskýrslu liggja fyrir munu þau verða send út á starfshópinn til yfirlestrar áður en formleg lokaskil munu eiga sér stað.

Öllum þakkað ánægjulegt og gott samstarf sl. mánuði.

Fundi slitið 15:54

Viðauki 3 – Námsefni um lýðræði á vef Menntamálastofnunar

[Allir eiga rétt – kennsluefni um mannréttindi](#)

[Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna - bæklingur](#)

[Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna - vefur](#)

[Borgaravitund og lýðræði](#)

[Frelsi og velferð – saga 20. aldarinnar II](#)

[Hvað heldur þú? Um gagnrýna hugsun - kennsluleiðbeiningar](#)

[Hvað heldur þú? Um gagnrýna hugsun](#)

[Íslenskt þjóðfélag - fræðslumynd](#)

[Kompás – handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk](#)

[Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaramenntunar og mannréttinda](#)

[Lifað í lýðræði – kennsluáætlanir fyrir efri bekkji grunnskóla um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi](#)

[Litli Kompás - handbók um mannréttindamenntun fyrir börn](#)

[Lýðræði og mannréttindi – rit um grunnþætti menntunar](#)

[Lýðræði og tækni](#)

[Lýðræði og tækni - kennsluleiðbeiningar](#)

[Nám til framtíðar – um grunnþætti menntunar](#)

[Uppvöxtur í lýðræði – kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi](#)

[Verum virk – félagsstarf, fundir og framkoma](#)

[Þjóðfélagsfræði – Á ferð um samfélagið](#)